

**Ed.**

## **181. Frumvarp til laga**

[87. mál]

um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða hluta af verðtolti og vörumagnstolti, sem lagður var á tilbúin timburhús, sem innflutt voru frá Svíþjóð á árunum 1945, 1946 og 1947. Skal endurgreiðslan miðast við það, að verðtollur, sem ríkið fær af húsunum, sé 10%, en vörumagnstollur 2 aurar á kg.

### 2. gr.

Þeir, sem eru eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fá tollendurgreiðsluna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á árunum 1945—1947 var allmikið flutt inn af sænskum timburhúsum. Gert var ráð fyrir, að hús þessi yrðu tiltölulega ódýr, og urðu margir til þess að ráðast í að byggja þau, enda var ýtt undir það af hálfu yfirvaldanna vegna hinnar miklu húsnæðiseklu. Byggingarkostnaður húsanna reyndist þó að fara langt fram úr áætlun, þannig að hús, sem gert var ráð fyrir að kostuðu 110—120 þús. kr., komust upp í 270 þús. kr. fullbyggð.

Strax þegar fyrstu húsin komu til landsins, kom í ljós, að tollyfirvöldin kröfðust 30% tolls af öllu efni í þau. Var stuðzt við ákvæði tollskrárinnar um tilhöggvin hús, en það ákvæði hafði verið sett á tímum atvinnuleysis í íslenskum byggingariðnaði sem verndartollur. Tiltölulega lítið af húsunum var þó flutt inn sem fullunnin vara, talsvert var hálfunnið og auk þess mikið af algerlega óunnum viði, en allt var þetta látið koma undir ofangreint ákvæði.

Þessi háa tollgreiðsla kom illa við menn jafnframt því sem verið var að styðja að auknum byggingum með opinberri aðstoð, og var málið rætt á Alþingi í sambandi við lögin um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Var í sambandi við þau lög samþykkt svofellt bráðabirgðaákvæði:

„Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.“

Heimild þá, sem í þessu ákvæði felst, hefur ríkisstjórnin enn þá ekki notað. Hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá tollinn endurgreiddan samkvæmt henni, en allar slíkar tilraunir hafa reynt árangurslausar.

Árið 1947 var borin fram tillaga í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að endurgreiða þennan toll, en sú tillaga var

felld með jöfnum atkvæðum. Nokkrir þeirra þingmanna, sem greiddu atkvæði gegn henni, gerðu þá grein fyrir atkvæði sínu, að heimildin væri þegar til og tillagan því óþörf.

Í sambandi við athugun málsins í fjárveitinganefnd skrifaði tollstjórinn í Reykjavík nefndinni bréf, þar sem hann útskýrir þetta mál. Bréf þetta hljóðar svo:

## TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. marz 1947.

Með bréfi 12. f. m. hefur fjárveitinganefnd sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum, þingskjal nr. 307. Spyrst nefndin sérstaklega fyrir um, hve mikilli upphæð tollendurgreiðsla sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, muni nema og í öðru lagi, hvort mér sé kunnugt um, hvort þeir, er húsin hafa byggt, hafi notið við það opinberrar aðstoðar, en sé vitnaskja um það ekki fyrir hendi, óskar nefndin eftir lista yfir innflutning húsa.

Þess skal þegar getið, að mér er ókunnugt um, hvort eða að hve miklu leyti þeir, er húsin hafa byggt eða eru að byggja, hafa notið til þess opinberrar aðstoðar. Hins vegar fylgir hér með skýrsla um innflutning sænskra timburhúsa til Reykjavíkur árin 1945 og 1946 og það sem af er þessu ári. Eru í skýrslunni greindir innflytjendur húsa, tala húsa, verð þeirra og aðflutningsgjöld af þeim, eftir því sem næst verður komið eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, og upplýsingum innflytjenda.

Samkvæmt skýrslu þessari hafa verið flutt inn gegnum Reykjavík 108 tilbúin sænsk timburhús, þar af 1 á árinu 1945, 86 á árinu 1946 og 21 í janúarmánuði þessa árs. Nemur innflutningsverð húsa kr. 3 617 867,88, en aðflutningsgjöld af þeim kr. 1 276 193,56, og eru gjöld fyrir innflutningsleyfi þá ekki með talin.

Sú endurgreiðsluheimild laga nr. 44 frá 1946, sem fyrrnefnd tillaga fer fram á að notuð verði, er takmörkuð á tvennan hátt, þannig að hún nær

- 1) aðeins til þeirra húsa, sem inn eru flutt 1946, og
- 2) aðeins til tolls af þessum húsum að því leyti, sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsa þarf.

Um fyrra atriðið er það að segja, að varla virðist fært að gera þann mun á húsum þeim, er inn voru flutt á árinu 1946, og þeim, er inn voru flutt í upphafi þessa árs, að hin fyrri njóti jafnstórfelldrar tollviltunar og tillagan gerir ráð fyrir, en hin engrar. Af húsum þeim, sem inn eru flutt árið 1946, eru 5 flutt inn í maí, 16 í september, 9 í október, 44 í nóvember og 12 í desember. Sést á þessu, að meginhluti þessara húsa er fluttur inn á tveim síðustu mánuðum ársins. Hús þau, er inn hafa verið flutt á þessu ári, komu hingað með skipum, er létu úr erlendri höfn 4. janúar og tóku höfn hér 13. og 16. janúar. Er því augljóst, að allur undirbúningur undir innflutning þeirra húsa hefur farið fram árið 1946. Má og vera, að útskipun á þeim hafi verið hafin fyrir áramót.

Þar sem svo er ástatt, og innflutningur húsa síðustu mánuði ársins 1946 og í upphafi ársins 1947 virðist samfelldur og í engu ólíks eðlis, vil ég leggja til, að verði að því ráði horfið að láta hin fyrrnefndu njóta tollviltunar, þá verði hún einnig látin ná til hinna síðarnefndu svo og hússins, er inn var flutt 1945. Hef ég því tekið öll þessi hús upp í skrá þá, er að framan getur. Til þessa þarf þó rýmri lagaheimild en nú er fyrir hendi.

Af hinni takmörkuninni, að tollinn skuli aðeins endurgreiða að því leyti, sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsa þarf, leiðir, að eigi er unnt að tiltaka endurgreiðsluna nákvæmlega, nema fyrir hendi sé skýrsla um þær efnistegundir, er inn hafa verið fluttar til húsa, þar sem tilgreint sé magn og verð hvorrar tegundar óunninnar. Slíkar skýrslur eru ekki fyrir hendi, svo að mér sé kunnugt um, og get ég því ekki tiltekið endurgreiðsluna nákvæmlega.

Skv. framansögðu eru aðflutningsgjöld af húsunum alls kr. 1 276 193,56, og er

þá reiknað með 30% verðtolti og 7 auru vörumagnstolli af kílógrammi. Hins vegar mundi mest af efni því óunnu, er inn hefur verið flutt til húsanna, eiga að tollast með 8% verðtolti. Meginhluti efnisins til húsanna er timbur, en af því óunnu er 10 auru vörumagnstollur á kúbikfet, eða sem svarar um ½ eyrir af kílógrammi. Af mestum hluta annars efnis til húsanna óunnins mun vörumagnstollur vera 2 aurar af kílógrammi. Með tilliti til þessa, svo og þess, að innkaupsverð efnisins óunnins hlýtur að vera nokkuð lægra en hinna tilbúnu húsa, verður að telja, að full tollendurgreiðsla skv. tillögunni af öllum húsunum nemi rúmlega 1 000 000.00 króna.

Auk framangreindra 108 húsa, er inn hafa verið flutt í gegnum Reykjavík, hafa 7 hús verið flutt inn beint til Akureyrar á þrem síðustu mánuðum ársins 1946, og hækkar endurgreiðsluupphæðin vegna þessa um upphæð, er ætla má að sé hlutfallslega miðuð við tölu húsanna, en innflutningsverð Akureyrarhúsanna hef ég ekki getið fengið uppgæfið.

Eins og fyrr segir, er eigi unnt að reikna tollendurgreiðsluna nákvæmlega út, nema fyrir hendi séu ábyggilegar skýrslur um þær efnistegundir, er inn hafa verið fluttar til húsanna, þar sem tilgreint sé magn og verð hvernar tegundar óunninnar. Ættu skýrslur þessar að vera frá seljendum húsanna. Verði ákveðið, að tollendurgreiðslan skuli fara fram að öllu leyti samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 44 frá 1946, er nauðsynlegt að binda hana því skilyrði, að skýrslur þessar verði lagðar fram af þeim, er hennar eiga að njóta.

Nú má vera, að það verði erfiðleikum bundið og jafnvel í sumum tilfellum ómögulegt fyrir kaupendur húsanna að útvega þessar skýrslur frá hinum erlendu seljendum, og yrði þá eigi unnt að framkvæma nákvæmlega útreikning tollendurgreiðslunnar. Ef Alþingi vill veita kaupendum margnefndra húsa tollívilnun, væri því eðlilegra og mun auðveldara í framkvæmd, að horfið væri frá því að nota heimild bráðabirgðaákvæðis laga nr. 44 frá 1946, en í þess stað sett sérstök lög um, að verðtollur af tilbúnum húsum, fluttum inn á árunum 1945 og 1946 og til ákveðins dags á þessu ári, t. d. 1. apríl, skuli lækkaður úr 30% niður í lægri tollflokk, er þingið teldi hæfilegan. Eins og fyrr segir, mundi meginhluti efnisins til húsanna hafa átt að tollast með 8% verðtolti, hefði það verið flutt inn óunnið, en nokkuð af því þó með 10% verðtolti og e. t. v. einhver lítill hluti með hærri tolli. Er því varla fært að lækka verðtollinn meir en niður í 10%. Fælist og í þeirri lækking mjög mikil ívilnun fyrir kaupendur húsanna, þó vörumagnstollurinn væri látinn standa óbreyttur. ef gert er ráð fyrir, að tollverð Akureyrarhúsanna sé að meðaltali hið sama og húsanna, er flutt hafa verið til Reykjavíkur, mundi verðtollsendurgreiðslan miðuð við þessa lækkingu nema um 770 000.00 kr.

Auk þess að vera skýrari og auðveldari í framkvæmd hefur þessi ráðstöfun þann kost fram yfir þingsályktunartillögunna, að með henni væri fengin lagaheimild til að láta öll tilbúin hús, er flutt hafa verið inn frá stríðslokum til þess dags, njóta sömu tollkjara.

Að lokum skal á það bent, að verði ákveðið að endurgreiða að meira eða minna leyti toll af framangreindum húsum, þarf að búa svo um, að endurgreiðslan verði þeim til hagsbóta, er byggja þau handa sér, en eigi milliliðum.

Torfi Hjartarson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Samkvæmt tillögu tollstjóra er í frv. þessu gert ráð fyrir, að endurgreiddur sé tollur af þeim sænskum timburhúsum, sem inn voru flutt á árunum 1945, 1946 og 1947, í stað þess að skv. heimildinni frá 1946 skyldi endurgreiðslan bundin við hús, sem innflutt voru á því ári.

Þá er einnig farið eftir tillögu tollstjóra um það að miða endurgreiðsluna við ákveðna upphæð, í stað þess að reikna hana út eftir reikningum erlendis frá, sem

erfitt yrði fyrir alla að fá nú. Er gert ráð fyrir, að núverandi eigendur húsanna fái endurgreitt 20% af verðtollinum.

Seint á síðasta þingi undirrituðu 31 þm., sem flestir eiga enn sæti á þingi, áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að hún endurgreiddi á árinu 1949 hluta af verðtolti og vörumagnstolti af hinum tilbúnu húsum, sem um getur í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt því og í samræmi við útreikninga tollstjóra í bréfi hans er hér lagt til, að eigendur húsanna fái endurgreiðslu á vörumagnstolti, er nemi 5 aurum á kg.

Eins og segir í upphafi greinargerðar þessarar, fór byggingarkostnaður hinna sænsku húsa mjög langt fram úr áætlun. Flestir þeirra manna, sem byggðu þessi hús, gerðu það af litlum efnum, og liggur nú við borð, að margir þeirra tapi þeim, sökum hins mikla viðbótarkostnaðar, sem á þau hefur lagzt.

Þar sem hér er um auðsætt réttlætismál að ræða og með tilliti til fyrri undirtekta þingsins er þess að vænta, að mál þetta fái fljóta og góða afgreiðslu.